



## BÚSETA Í SVEIT

### Rafrænn vegvísir fyrir nýliða

Þessi vegvísir er ætlaður til að leiða þig skref fyrir skref gegnum umsókna- og tilkynningaferlið við upphaf búrekstrar. Einnig er hann ætlaður til að vísa þér á hvar upplýsingar og fróðleik varðandi sauðfjárrækt er að finna á vefnum.

Í sumum tilfellum sérðu að mögulega er best að fá aðstoð ráðunautar við að sinna þeim umsóknum eða tilkynningum fyrir þig, svo þú getir varið tíma þínum í að byggja upp blómlegt bú.

Ljósmynd: Anna Guðrún Grétarsdóttir

# SKREF FYRIR SKREF

Þínar glósur:

## ÞINGLÝSA KAUP-/LEIGUSAMNINGI

[Sýslumenn -þinglýsing skjala](#)

## SKRÁNING LÖGHEIMILIS

Skráning lögheimilis á bújörð er mjög mikilvæg.

[Þjóðskrá -Tilkynna flutning](#)

## TILKYNNING TIL SKATTAYFIRVALDA, TIL LAUNAGREIÐENDASKRÁR STAÐGREIÐSLU / VIRÐISAUKASKATTSSKRÁR

[Ríkisskattstjóri](#)

Tilkynna þarf ríkisskattstjóra um stofnun reksturs á kennitölu einstaklings eða fyrirtækis með því að sækja um virðisaukaskattsnúmer og láta skrá sig inn á launagreiðendaskrá eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hefst.

## RAFRÆN SKILRÍKI

[Íslykill](#) og [rafræn skilríki](#) Veita aðgang að mikilvægum kerfum.

## FJÁRMARK OG BÆJARNÚMER

[Landsmarkaskrá](#)

Sótt er um fjármark til markavarðar á þínu svæði. [Listi yfir markaverði](#) finnst á vef Landsmarkaskrár. Ef um er að ræða nýtt býli þarf nýtt bæjarnúmer sem markavörður úthlutar einnig. Á býlum þar sem hefur verið stunduð sauðfjárrækt er gjarna þegar skráð bæjarnúmer og því ekki þörf fyrir nýtt. Gott er að hafa í huga að velja sér mark (fjármark) sem er ólíkt þeim sem eru í notkun á nágrennabæjunum. Það gerir fjárrag að hausti auðveldara. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins – RML sér um skráningar marka og bæjarnúmera í [Landsmarkaskrá](#). Bæjarnúmer í landsmarkaskrá þarf að vera tengt réttu búsnúmeri í skýrsluhaldskerfum og búsumsjónarkerfi Matvælaráðuneytisins.

## □ KERFIÐ AFURÐ Á VEGUM MAR (MATVÆLARÁÐUNEYTISINS)

**Kerfið Afurð** Umsóknir og tilkynningar á rafrænu formi. Íslykill eða rafræn skilríki þarf til innskráningar.

Til þess að fá aðgang að Afurð, þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- **Nýtt búsnúmer, ef búsnúmer er ekki til á jörðinni.** Í búsumsjónarkerfi Matvælaráðuneytisins er nýtt búsnúmer skráð ef þess þarf. Senda skal tölvupóst á netfangið [postur@mar.is](mailto:postur@mar.is) ef búsnúmer er ekki til staðar á býlinu, einnig ef um er að ræða nýja rekstrareiningu á lögbýlinu.
- **Breytingu á umráðamönnum búfjár.** Þegar nýr aðili tekur við eða hefur búrekstur þarf hann eða félag í hans eigu að vera skráð umráðamaður á því búsnúmeri sem reksturinn tengist. Óska skal eftir umráðamannabreytingu í tölvupósti á netfangið [postur@mar.is](mailto:postur@mar.is). Einungis umráðamenn búfjár hafa aðgang að Afurð.

Í Afurð má nálgast Jarðabók býlisins sem tengist landnúmeri/búsnúmeri jarðarinnar. Í jarðabókinni er m.a. yfirlit yfir allar greiðslur býlisins, haustskýrslu, rafræn skjöl, skattýfirlit, yfirlit yfir umsóknir, kröfur o.s.frv.

- **Handhafaskráning stuðningsgreiðslna í sauðfjárrækt.** Sótt er um handhafaskráningu í Afurð undir **Umsóknir – Handhafi – Nýskrá.** Nýliði getur ekki fengið stuðningsgreiðslur án þess að vera skráður handhafi hvernar greiðslutegundar fyrir sig. Í Jarðabók Afurðar má sjá yfirlit yfir þær tegundir stuðningsgreiðslna sem viðkomandi er handhafi að. Skilyrði fyrir því að fá stuðningsgreiðslur er að reksturinn sé stundaður á lögbýli, einnig þurfa virðisaukaskattsnúmer og ÍSAT-númer rekstrarins að liggja fyrir. **Handhafaskráningu þarf að fylgja afrit af kaupsamningi eða leigusamningi.**

## □ NÝSKRÁNING Á BÆNDATORG

### - AÐGANGUR AÐ SKÝRSLUHALDSKERFUM

- Gott er að framkvæma nýskráningu á Bændatorg samhliða tilkynningu til MAR. Bændatorg má t.d. finna efst til hægri á forsíðunni á vef Bændasamtaka Íslands þar sem stendur „[Bændatorg](#)“. Önnur leið en fyrrnefnd til að finna Bændatorgið er að skrifa [torg.bondi.is](http://torg.bondi.is) í línuna fyrir slóð efst í vafra þeim sem notaður er. Þegar smellt hefur verið á [Bændatorgið](#) á öðrum hvorum þessum stað er valinn möguleikinn „**Nýskráning**“. Sú skráning er gerð með rafrænum skilríkjum eða auðkennisappi í gegnum „Signet“. Við nýskráninguna er einnig hægt að veita öðrum umboð með því að smella á hnappinn sem á stendur „Veita umboð hjá Signet“. Eftir það getur hver sem fengið hefur slíkt umboð skráð sig inn með sínu auðkenni og valið hvaða umboð á að nota í innskráningarferlinu hjá Signet.
- Leiðbeiningar um nýskráningu fyrirtækja fyrir aðgangi að Bændatorgi eru finnanlegar í sérstöku [skjali](#) hér á síðu RML.
- Inni á Bændatorgi er hægt að sækja um aðgang að skýrsluhaldskerfum þeim sem nauðsynleg eru, t.d. Fjárvís og Jörð. Til þess þarf að vera inni á svæði sem heitir „**Síðan mín**“ í Bændatorginu og smella á heiti viðkomandi kerfis inni í ramma sem nefnist „**Mín kerfi**“. Leiðbeiningar eiga að leiða umsækjendur áfram þar til skráð hefur verið umsókn um aðgang að viðkomandi kerfi. Kerfin eru ekki opnuð fyrir en reikningur fyrir „stofngjaldi“ sem stofnast í heimabanka umsækjandans, hefur verið greiddur. Ef vandamál koma upp í umsóknarferlinu er hægt að hafa samband við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins – RML í síma 516-5000 og [rml@rml.is](mailto:rml@rml.is) til að leita aðstoðar.

- *Bændatorg er vefsvæði sem allir bændur eiga að geta fengið gjaldfrjálsan aðgang að. Þegar þeir hafa skráð sig þar inn, sbr. hér á undan geta þeir farið þaðan beint inn í þau skýrsluhaldskerfi, sem þeir hafa fengið aðgang að og tengd eru torginu, án þess að skrá sig inn í þau sérstaklega. Þegar búið er að opna ákveðið kerfi (t.d. [www.fjarvis.is](http://www.fjarvis.is) eða [www.jord.is](http://www.jord.is)) fyrir bónda er hægt að fara inn á Bændatorgið og velja kerfið sem ætlunin er að vinna í með því að smella á heiti þess á stað sem heitir **Síðan mín**, sbr. hér á undan. Inni á torginu eru auk þessa ýmiss konar skilaboð og fréttir sem tengjast kerfunum. Einnig má þar finna rafræn skjöl ef ráðunautar hafa unnið einhver slík fyrir viðkomandi bónda..*

## □ **MERKING BÚFJÁR**

Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé hans sé merkt með viðurkenndum merkjum sem fylgja eiga hverju dýri alla ævi þess.

### Mark -einstaklingsmerkingar búfjár

*Merkjapöntunarforrit sem hefur sömu aðgangsorð og Bændatorgið og þar með skýrsluhaldsforrit BÍ. Starfsmenn RML panta einnig merki fyrir bændur gegn gjaldi ef þörf krefur.*

## □ **LÍFLAMBAKAUP**

Umsókn vegna líflambakaupa að hausti þarf að senda fyrir **1. júlí** í gegnum [Þjónustugátt MAST](#).

Það á við þegar um er að ræða líflambakaup úr öðru varnarhólfi.

**Ráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins geta einnig aðstoðað við slíkt.**

## □ **AFURÐASKÝRSLUHALD**

Skýrsluhald í sauðfjárrækt á sér langa sögu og er grunnur upplýsingaöflunar fyrir ræktunarstarfið í greininni. Ábati þess að vera þátttakandi í skýrsluhaldinu er töluverður. Ræktun heima á hverju búi verður markvissari fyrir utan að stuðningsgreiðslur fást ekki nema um þátttöku í skýrsluhaldi sé að ræða.

Sótt er um aðgang að Fjávís inni á **Bændatorgi** með því að smella á heiti kerfisins inni í ramma sem nefnist „Mín kerfi“ og finnst á því svæði á torginu sem heitir „Síðan mín“, sbr. hér á undan.

**Áður þarf viðkomandi að vera búinn að skrá sig eða félag á vegum viðkomandi sem umráðamann sauðfjár og vera með skráð fjármark og bæjarnúmer, sbr. hér fyrir.**

Þeir sem ekki skrá gögn um sauðfé sitt á netinu geta skilað bæði vorbók og haustbók til starfsmanna RML sem skrá gögnin, gegn gjaldi.

### Úr reglugerð:

Til að þátttaka í afurðaskýrsluhaldi í sauðfjárrækt sé metin fullnægjandi skulu eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt:

Fullnægjandi skil á hjarðbók og heilsukorti, og rétt framkvæmd á merkingum sauðfjár, í samræmi við reglugerð um merkingar búfjár með síðari breytingum.

Eftirfarandi skýrsluhaldsupplýsingar þurfa að lágmarki að vera til staðar í Fjávísi:

Afdrif fangs allra kinda.

Burðarmánuður og ár, og fjöldi fæddra lamba hjá hverri kind.

Öll lifandi fædd lömb með lambanúmeri.

Afdrif allra lamba að hausti og fullorðinsnúmer (einstaklingsnúmer) ásettra lamba.



Fallþungi allra sláturgripa, sem byggir á innlesnum sláturgögnum frá sláturhúsum.

Upplýsingar um förgun og vanhöld allra fullorðinna gripa.

Framleiðandi ber ábyrgð á að fullnægjandi afurðaskýrsluhaldi sé skilað á réttum tíma, hvort sem þeir annast skráningu sjálfir eða kaupa þá þjónustu af öðrum.

## □ **STUÐNINGSGREIÐSLUR**

Heildargreiðslur taka til beingreiðslna, býlisstuðnings, gæðastýringargreiðslna samkvæmt gildandi reglugerð, greiðslna fyrir ullarnýtingu og greiðslna vegna svæðisbundins stuðnings.

### Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt

## **BEINGREIÐSLUR**

Greiðslumark í kindakjötsframleiðslu er réttur sauðfjárþænda til að fá beingreiðslur úr ríkissjóði í hlutfalli við þann fjölda ærgilda í greiðslumarki sem þeir hver um sig hafa yfir að ráða hverju sinni.

Til að fá óskertar beingreiðslur þarf framleiðandi að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks.

*Aðilaskipti á greiðslumarki í sauðfé fara fram á innlausnarmarkaði sem MAR (Matvælaráðuneytið) sér um en þó er heimilt að færa greiðslumark lögbýlis milli aðila við ábúendaskipti og milli lögbýla í eigu sama aðila.*

Með tilkynningu um flutning greiðslumarks sem bundið er við lögbýli skal fylgja **veðbókarvottorð**, staðfesting um eignarhald að lögbýli og samþykki ábúanda, jarðareiganda og þinglýst samþykki veðhafa í lögbýlinu. Tilkynningu þessa þarf að senda MAR.

*Skrá þarf beiðnir um kaup á ærgildum á vefnum [Afurð](#) (sbr. fyrr) fyrir 1. nóvember en aðilaskipti taka gildi 1. janúar þar á eftir.*

## **BÝLISSTUÐNINGUR**

Markmið stuðningsins er að styrkja byggð og styðja við fjölskyldubú. Greidd er ákveðin fjárhæð til allra framleiðanda sem falla í ákveðna stærðarflokka eftir fjölda vetrarfóðraðra kinda samkvæmt haustskýrslu í Bústofni árið á undan. Að lágmarki þarf að eiga 101 vetrarfóðraða kind til að eiga rétt á býlisstuðningi.



## GÆÐASTÝRING

Gæðastýringu er m.a. ætlað að taka til landnotkunar, umhverfis, einstaklingsmerkinga, skýrsluhalds, hirðingar, aðbúnaðar, fóðuröflunar og lyfjanotkunar.

### Reglugerð um gæðastýrða sauðfjárrækt

Til að geta fengið gæðastýringargreiðslur þarf að hafa sótt námskeið um gæðastýrða sauðfjárrækt og taka þátt í skýrsluhaldi í sauðfjárrækt (fjarvis.is) og jarðrækt (jord.is) ásamt fleiru. Rafræn gæðastýringarhandbók er inni í kerfinu [Afurð](#) og þar þarf að keyra ákveðið villupróf þar sem kemur fram hvort upplýsingar séu skráðar í samræmi við reglugerðina. Gæðahandbókinni þarf að skila í byrjun febrúar ár hvert og er þá miðað við nýliðið ár.

## ULLARNÝTING

Matvælaráðuneytið ráðstafar greiðslum til framleiðenda ullar. Til að framleiðandi hljóti greiðslur skv. reglugerð þurfa að liggja fyrir staðfestar upplýsingar frá aðila sem hlýtur stuðning til söfnunar, um móttækna ull. Framleiðendur skulu skrá ull lagða inn hjá Ístex, magn og mat á Bændatorgi undir lið sem heitir „Ullarmat Ístex“. Aðrir aðilar sem kaupa ull af bændum gera grein fyrir magni og mati þeirrar ullar. Nánar í [Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt](#).

## SVÆÐISBUNDINN STUÐNINGUR

Markmið svæðisbundins stuðnings er að styðja framleiðendur á þeim landsvæðum þar sem möguleikar á annarri tekjuöflun en sauðfjárrækt eru takmarkaðir og afkoma fólks á viðkomandi svæðum því mjög háð þeirri búgrein.

Úr reglugerð:

Framleiðendur sem eiga rétt á svæðisbundnum stuðningi skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði. Við útreikning á fjarlægð skal miða við staðsetningu íbúðarhúss lögbýlis:

- Lögbýli sé í 40 km akstursfjarlægð eða lengra frá þéttbýlisstöðum sem eru með yfir 1.000 íbúa.
- Lögbýli sé í 75 km akstursfjarlægð eða lengra frá þéttbýlisstöðum sem eru með yfir 10.000 íbúa.
- Lögbýli sé í 150 km akstursfjarlægð eða lengra frá Reykjavík.

Nánar í [Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt](#).

## FJÁRFESTINGARSTUÐNINGUR

**Greidd eru framlög til fjárfestinga í sauðfjárrækt.** Sótt er um þann styrk í kerfi Matvælaráðuneytisins, [Afurð](#) fyrir 15. mars. Markmið stuðningsins er að stuðla að bættum aðbúnaði sauðfjár og hagkvæmari búskaparháttum.

Nánar í [Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt](#).

## NÝLIÐUNARSTUÐNINGUR

Greidd eru framlög til nýliðunar í sauðfjárrækt. Sótt er um slík framlög í kerfi Matvælaráðuneytisins, [Afurð](#).

**Til þess að eiga rétt á slíku framlagi þarf umsækjandi að**

- vera á aldrinum 18-40 ára
- eiga að lágmarki 25% hlut í lögaðila sem er að hefja búrekstur eða hefur nýlega hafið búrekstur
- hafa byrjað búrekstur sinn innan þriggja ára frá 1. janúar á umsóknarári
- uppfylla skilyrði til að þiggja greiðslur skv. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað

Umsækjandi má ekki hafa hlotið nýliðunarstuðning áður, að teknu tilliti til þess að sækja má um þrjú ár í röð vegna sömu fjárfestingar, né nýliðunarstuðning skv. eldri úthlutunarreglum.

Nýliðunarstuðningur fæst vegna **kaupa á jörð, kaupa á fasteign, kaupa á bústofni eða plöntum til framleiðslu garðyrkjuafurða, kaupa á greiðslumarki, kaupa á tækjum og búnaði** til búskapar sem eru hluti af fjárfestingu í tengslum við nýliðun eða vegna **kaupa á lögaðila**, sem hefur eignarhald á styrkhæfri fjárfestingu skv. framangreindu.

Stuðningur getur að hámarki numið 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári og skulu heildarframlög til einstakra nýliða ekki vera hærri en níu milljónir króna samtals. Nýliðunarstuðningur tekur mið af eignarhlut umsækjanda.

Ef úthlutunarfjárhæð er lægri en fjárhæð gilda umsókna er umsóknum forgangsraðað með vísan til eftirfarandi þátta:

- menntunar umsækjanda á sviði landbúnaðar eða sem nýtist í landbúnaði
- jafnréttissjónarmiða
- heildarmats á umsókn m.t.t. rökstuðnings með umsókn, verk- og framkvæmdaáætlun, 5 ára rekstraráætlun og niðurstöðu hennar og fleiri atriða sem ráðuneytið ákveður að leggja til grundvallar við mat á umsókn í samræmi við reglur um forgangsröðun.

Meðal þeirra gagna sem nauðsynlegt er að leggja fram við umsókn um nýliðunarstuðning er 5 ára rekstraráætlun með greinargerð, unnin af fagaðila, svo sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. RML veitir einnig aðra ráðgjöf varðandi umsóknir um nýliðunarstuðning.

Nánar í [Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað.](#)

## JARÐRÆKTARSTYRKUR, LANDGREIÐSLUR OG BÆTUR VEGNA ÁGANGS ÁLFTA OG GÆSA

### Úr reglugerð um almennan stuðning við landbúnað:

Ár hvert auglýsir ráðuneytið [MAR] eftir umsækjendum um framlög. Umsóknum skal skila inn í rafrænt umsóknarkerfi, [[Afurð](#)] eigi síðar en 1. október ár hvert vegna jarðræktarstyrkja og landgreiðslna. Umsóknum um styrki vegna ágangs álftra og gæsa og tjónmati skal skilað rafrænt eigi síðar en 20. október ár hvert. Beri 1. október eða 20. október upp á helgi eða almennan frídag framlengist umsóknarfrestur fram að miðnætti næsta virka dag.

Skilyrði fyrir veitingu stuðnings skv. III. kafla eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi skv. 11. gr.

Hér fylgir tilvitnun í 11. gr. sömu reglugerðar:

Til þess að uppfylla skilyrði um fullnægjandi skýrsluhald í jarðrækt þarf að skrá eftirfarandi upplýsingar í Jörð:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang framleiðanda, búsnúmer og landnúmer jarðar sem ræktað er á. ÍSAT-númer búrekstrar samkvæmt skráningu hjá RSK.
2. Virkt virðisaukaskattsnúmer búrekstrar.
3. Eftirfarandi upplýsingar um hverja spildu úr Jörð:
  - a. Nafn og/eða númer spildu.
  - b. Hnitsetningu spildu byggða á landupplýsingakerfi (LUK) sem byggir á stafrænu túnkorti. Túnkortið á að sýna nákvæmlega þær ræktunarspildur sem eru grundvöllur að styrkjum.
  - c. Ræktun, þ.e. gras, grænófóður, korn eða olíujurtir.
  - d. Tegund og yrki, þegar sótt er um jarðræktarstyrk.
  - e. Stærð spildu í hekturum.
  - f. Ræktunarár, ef ræktað síðastliðin 5 ár.
  - g. Dagsetningu sáningar, ef sótt er um jarðræktarstyrk.
  - h. Dagsetningu uppskeru.
  - i. Notkun alls áburðar (áburðargjöf).

- j. Dagsetningu slátta.
- 4. Heildaruppskeru í kg þurrefnis fyrir hverja spildu.
- 5. Heildarfjöldi uppskorinna hektara, ef sótt er um landgreiðslu.

Þegar metið er hvort túnkort er fullnægjandi skal byggja það mat á því hvort fagaðili hafi teiknað og mælt viðkomandi ræktun með viðurkenndum aðferðum.

Sótt er um aðgang að Jörð á **Bændatorgi** sbr. fyrir.

### Varðandi ágang álfta og gæsa:

#### Úr reglugerð um almennan stuðning við landbúnað:

Greiddur er stuðningur skv. 8. gr. vegna ágangs álfta og gæsa á nýrækt og endurrækt á tünnum, kornrækt og rækt annarra fóðurjurta.

Framleiðendur skulu skila inn rafrænni tjónaskýrslu í umsóknarkerfi ráðuneytisins innan þriggja sólarhringa frá því tjóns verður vart eða álfir og gæsir hafa haft sig á brott. Með umsókn skal skila inn myndum af tjóni er sýna umfang ágangs. Síðasti skilafrestur til að skila inn tjónaskýrslu er 20. október á því ári sem tjón verður. Úttektaraðili skal að jafnaði taka út tjón í samræmi við 12. gr. reglugerðarinnar og samninga úttektaraðila við ráðuneytið innan 4 vikna frá tilkynningu um tjón.

## **MATVÆLASJÓÐUR**

Hlutverk [Matvælasjóðs](#) er skv. vef Stjórnarráðsins að styðja þróun og nýsköpun í framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Aðaláherslan er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla. Fyrirspurnir sendist á netfangið [matvaelasjodur@mar.is](mailto:matvaelasjodur@mar.is). Flokkar sjóðsins eru fjórir, Bára, Kelda, Afurð og Fjár sjóður. Setja þarf í efnislínu í fyrirspurnarpósti hvaða flokki fyrirspurnin tilheyrir eða merkja hana þar með orðinu „Almennt“.

## **PRÓUNARFÉ Í SAUÐFJÁRRÆKT**

Á vef Stjórnarráðs Íslands er að finna upplýsingar um [Þróunarverkefni búgreina](#) en til þeirra verkefna er veitt fjármunum sem hafa verið nefndir þróunarfé. Undir því sem þar nefnist búgreinar segir: „Í sauðfjárrækt eru styrkhæf þau verkefni sem talið er að styrki íslenska sauðfjárrækt og eru skilgreind sem *kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í sauðfjárrækt.*“

Umsóknarfrestur er auglýstur en sótt er um framlög í kerfinu [Afurð](#).

## **BÚREKSTUR / BÓKHALD**

Til að fá aðgang að dk-Búbót sem er bókhaldskerfi, sérhæft fyrir bændur, þarf að hafa samband við starfsmenn RML, þau Hjálmar Ólafsson [hjalmar@rml.is](mailto:hjalmar@rml.is) eða Maríu Svanþrúði Jónsdóttur [msj@rml.is](mailto:msj@rml.is). Einnig er hægt að hafa samband við þau símleiðis í síma RML 516 5000.

RML heldur úti vaktþjónustu við notendur dk-Búbótar þar sem hægt er að ná í rekstrarráðunauta fyrirtækisins með því að hringja í aðalnúmer RML, 516 5000 á tímanum 9-12 og 13-16 frá mánudegi til fimmtudags og kl. 9-12 á föstudögum, sbr. hér [Dk-Búbót](#).



## SKRÁNING BÚFJÁRFJÖLDA OG FÓÐURBIRGÐA

Skila skal haustskýrslu um búfjáreign, fóður og landstærðir til MAR í gegnum vefinn [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is) fyrir **20. nóvember**.

**Peir bændur sem ekki gera það sjálfir geta fengið aðstoð starfsmanna RML sem ganga frá skýrslunni gegn gjaldi.**

## EFTIRLIT MEÐ SAUÐFJÁRRÆKT

*MAST hefur eftirlit með sauðfjárhaldi og má lesa um það á vef stofnunarinnar [MAST -eftirlit](#)*

## DÝRAHEILBRIGÐI

*Upplýsingar um dýralæknaþjónustu á þínu svæði á vef MAST. [Vaktsími dýralækna](#)*

*Upplýsingar um smitvarnir vegna búfjársjúkdóma og varnarhólf á vef MAST. [Smitvarnir](#)*

## FÉLAGSMÁL

[Bændasamtök Íslands](#)

[Deild sauðfjárþænda í Bændasamtökum Íslands - BÍ](#)

## MENNTUN Í LANDBÚNAÐI

Landbúnaðarháskóli Íslands sem hefur aðalaðsetur á Hvanneyri er helsta menntastofnunin í landbúnaði. Á [vef](#) skólans má finna ýmsar upplýsingar um námið og aðra starfsemi sem þar fer fram.

## VELFERÐ OG AÐBÚNAÐUR

[Reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár](#)

## TILKYNNINGA- OG UMSÓKNARFRESTIR Í TÍMARÖÐ:

<p><b>1. janúar</b></p> <p>Aðilaskipti að greiðslumarki taka gildi</p>	<p><b>1. febrúar</b></p> <p>Skilafrestur rafrænar gæðahandbókar á <a href="http://www.afurd.is">www.afurd.is</a></p>	<p><b>1. mars</b></p> <p>Ársáætlun um heildargreiðslur frá MAR</p>	<p><b>15. mars</b></p> <p>Umsóknarfresti um fjárfestingastuðning lýkur</p>
<p><b>15. júní</b></p> <p>Umsóknarfresti vegna styrkja til aðlögunar að lífrænni framleiðslu lýkur skv. auglýsingu</p>	<p><b>1. júlí</b></p> <p>Ársáætlun um ullargreiðslur</p> <p>Síðasti skiladagur umsóknar um líflambakaup - MAST</p>	<p><b>20. ágúst</b></p> <p>Síðasti skiladagur vorbókar</p>	<p><b>1. september</b></p> <p>Umsóknarfresti fyrir nýliðunarstuðning lýkur</p>
<p><b>1. október</b></p> <p>Umsóknarfresti fyrir jarðræktarstyrk og landgreiðslur lýkur</p>	<p><b>20. október</b></p> <p>Skilafrestur tjónaskýrslu vegna ágangs álfra og gæsa</p>	<p><b>1. nóvember</b></p> <p>Síðasti skiladagur beiðni um kaup eða innlausn greiðslumarks</p>	<p><b>20. nóvember</b></p> <p>Gæðastýring-umsóknarfrestur fyrir nýja aðila eða þá sem sækja um aftur.</p> <p>Skil á Haustskýrslu um búfjáreign, fóður og landstærðir til MAR</p>
<p><b>10. desember</b></p> <p>Tilkynning: Þátttaka í afurðaskýrsluhaldi í sauðfjárrækt</p>	<p><b>12. desember</b></p> <p>Síðasti skiladagur haustbókar</p>		